

**Ed.**

## **479. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

### **1. gr.**

Upphaf 7. tölul. 32. gr. laganna skal orða svo:

Hafi enn fremur 3 ár samtals verið alþingismaður, skrifstofustjóri Alþingis eða fulltrúi í skrifstofu þess, skrifstofustjóri eða fulltrúi í stjórnarráðinu, fulltrúi héraðsdómara, þar á meðal borgardómara, borgarfégeta og sakadómara í Reykjavík, eða fulltrúi lögreglustjórans þar, lögreglustjóri eða bæjarstjóri o. s. frv.

### **2. gr.**

Með lögum þessum eru úr gildi fallin lög nr. 5 9. marz 1944.

### **3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Þriggja ára reynsluskilyrði einkamálalaganna fyrir því, að lögfræðingar yrðu skipaðir í föst dómaraembætti, miðar að því að tryggja það, að lögfræðingar komi ekki með öllu óreyndir í hinar vandasömu stöður beint frá prófhorði. Þriggja ára vinna við þau störf, sem greinir í 32. gr. einkamálalaganna, á að hafa veitt þeim þessa reynslu. Á síðasta þingi var ákvæðum þessarar greinar m. a. breytt á þann hátt, að skrifstofustjóri Alþingis og fulltrúi í skrifstofu þess skyldu öðlast greind réttindi eftir sama reynslutíma. Var það fyllilega rétt, að þessir aðilar nytu í þessum efnun sama réttar og samsvarandi starfsmenn í stjórnarráðinu. Það verður því að teljast eðlilegt og sjálfsagt, að lögfræðingar, sem eiga sæti á Alþingi og öðlast við það margháttaða reynslu og þekkingu á lögum og framkvæmd þeirra, fái þessi sömu réttindi. En að því miðar frv. þetta.